

Nr. 16  
8. sept.

# Tilskipun

um

meðferð á störfum landsfjehirðis.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Samkvæmt 6. gr. laga nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á aðstu umbodsstjórn Íslands, viljum Vjer skipa svo fyrir um það, hvernig fara skuli um störf landsfjehirðis, er tekið hefir við störfum landfógeta, sem hjer segir:

Störf landsfjehirðis skulu frá 1. september 1918 skilin frá Landsbanka Íslands og lögð undir fjármáladeild stjórnarráðsins, annaðhvort þannig, að sett sje á stofu sjerstök skrifstofa fyrir landfjehirði, eða hann bafi skrifstofu í fjármáladeildinni.

Nánari reglur um framkvæmd þessara starfa og annað, er þar að lýtur, setur fjármálaráðhera.

Tilskipun þessi öðlast gildi hinn 15 september 1918.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Skagen, 8. september 1918.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.).

*Sig. Eggerz*